


Viðskipti milli Noregs og Íslands 2015-2023



Taflan hér að ofan sýnir vöruviðskipti Íslands við Noreg á árunum 2015-2023 ásamt hlutfalli af heildar inn- og útflutningi landsins á tímabilinu. Taflan var unnin út frá tölum frá Hagstofan. Eining: Milljónir króna.

Eins og sjá má, jókst bæði inn- og útflutningur milli Íslands og Noregs verulega milli áranna 2021-2022.

Viðskipti í milljónum ISK

Vöruinnflutningur 2021: 96.692


Vöruinnflutningur 2022: 161.287 --> 66,8% aukning frá 2021

Vöruútflutningur 2021: 24.637

Vöruútflutningur 2022: 53.193 --> 115,9% aukning frá 2021

Vöruútflutningur til Noregs 2015-2023

Export



Helstu útflutningsvörur Íslands til Noregs eru sjávarafurðir, sem eru yfirleitt um 70% af heildarútflutningi hvers árs. Má það rekja til eftirspurnar eftir fiskimjöli sem er notað í miklum mæli við laxeldi.

Taflan hér að ofan sýnir sundurliðun útflutnings frá Íslandi til Noregs eftir vinnslugreinum. Sjá má að útflutningur sjávarafurða jókst hvað mest á milli árunna 2021 og 2022. Mikil aukning varð á útflutningi á síld og kolmunna, en mesta aukningin varð á útflutningi á loðnu. Lítið var um útflutning á loðnu á árunum 2019-2021 og má kenna loðnubrestinum um. Hjólin snerust við árið 2022 þegar Ísland flutti út 68.944 tonn af loðnu til Noregs samanborið 1.378 tonn árið 2021. - Einnig varð mikil aukning á útflutningi á fiskimjöli og lýsi milli árunna 2021 og 2022.

Hvað varðar 2024 sjáum við að dregist hefur úr útflutningi til Noregs síðan 2022 í öllum vörflokkum nema “aðrar vörur”. Samt sem áður eru útflutningstölur til Noregs ennþá hærri árið 2024 en þær voru fyrir Covid-heimsfaraldur.

Taflan hér að neðan sýnir helstu útflutningsvörur til Noregs árið 2022 samanborið við 2021.


	2021	2022	Aukning í %
Síld	5.234	9.547	82%
Loðna	322	16.271	4953%
Kolmunni	3.325	5.625	69%

Fiskimjöl	9.644	22.791	136%
Lýsi	4.208	15.168	260%

Eining: milljónir ISK

Vöruinnflutningur frá Noregi til Íslands 2015-2023

Import



Að meðaltali er vöruinnflutningur frá Noregi um 10% af heildarinnflutningi hvers árs. Árið 2022 fór innflutningur frá Noregi úr 10% af heildarinnflutningi upp í til 12%. Mesta aukningin var innan vöruflokksins eldsneyti og smurolíur (sem hefur lengi verið sá vöruflokkur sem Ísland flytur mest inn af frá Noregi), en einnig varð aukning á innflutningi innan hrávöruflokks og fjárfestingum. Verðmæti og magn eldsneytis sem flutt er inn til Íslands sveiflast þó nokkuð milli ára, og útskýrir það hversu mikið heildarinnflutningur frá Noregi sveiflast. Þó varð sveiflan aðeins meiri milli árána 2021 og 2022 og er helsta ástæðan fyrir því talin vera sú að olíuverð jókst verulega í byrjun árs 2022. Þannig flutti Ísland ekki inn mikið meira af olíu/eldsneyti frá Noregi, heldur kostaði sá vöruflokkur meira en áður.

Taflan hér að neðan sýnir verð og magn olíu sem flutt hefur verið inn frá Noregi síðustu ár.

	Magn/tonn	Verð/milljónir ISK	Hækkun/lækkun á olíuverði
2018	818.000	60.000	
2019	566.598	43.000	+3,55%
2020	506.822	30.000	-22,13%
2021	545.659	46.000	+42,64%
2022	633.000	94.000	+76,16%

2023	586.199	76.000	-12,73%
2024	399.794	48.000	-7,33%